
erindi fyrir næsta sveitastjórnarfund

From Almar og Svana <heima@lambastadir.is>

Date Thu 2026-08-13 19:06

To Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Meðfylgjandi erindi óskast tekið fyrir á sveitarstjórnarfund 18. ágúst 2026.

Á heimasíðu Flóahrepps var birt frétt þann 15. maí 2026 sem laut að starfssemi Orkugerðarinnar. Titill fréttarinnar var „Til upplýsinga fyrir nágranna“.

Síðan er sagan reyfuð en í lokin segir „Það er raunhæft að haustið 2027 þá verði þessari framkvæmd að fullu lokið. Í skammtímanum verður farið í aðrar breytingar sem ættu að draga úr lykt. Það markverðasta er að lögð verða ný gólf í vinnslusal verksmiðjunar á næstu mánuðum sem auðvelda þrif og draga úr þessari kjötmjölslykt sem er innan verksmiðjunnar og berst að hluta út.

Stjórn Orkugerðarinnar mun upplýsa nágranna á 3. mánaða fresti um það hvernig þessum úrbótum framvindur uns þeim verður lokið.

F.h. stjórnar Orkugerðarinnar, Steinhólf Skúlason, stjórnarformaður“.

Nú þegar þessi fundur sveitarstjórnar er haldinn 18. ágúst eru liðnir þrír mánuðir frá því að þessi orð voru birt á heimasíðu Flóahrepps.

Spurning okkar nágrannanna er, hvernig miðar þessu áfram? Hvar er upplýsingaskýrslan birt sem á nú að vera komin út samkvæmt áður sögðu?

Með kveðju,

Eggert Guðlaugsson, Hraungerði

Jón P. Ragnarsson, Volatúni

Svanhvít Hermannsdóttir, Lambastöðum

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa pósts.